

Breytingartillögur

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Samábyrgðin hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.
2. Við 3. gr. Greinin falli brott.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „hins nýja félags“ í 3. másl. 1. mgr. komi: Samábyrgðarinnar hf.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Berist sameiginlegt tilboð frá öllum bátaábyrgðarfélögunum í eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf. er viðskiptaráðherra heimilt að selja þeim sameiginlega eignarhlutinn fyrir verð er nemur að lágmarki 85% af reiknuðu upplausnarvirði félagsins eins og það er á stofndegri þess.

Hafi sameiginlegt tilboð allra bátaábyrgðarfélaganna ekki borist ráðherra fyrir 1. september 2000 og samningaviðræðum lokið fyrir 1. nóvember 2000 skal ráðherra bjóða hlutaféð til sölu á almennum markaði eða leysa upp félagið.
5. Við 6. gr. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Núgildandi lögmæltar húftryggingar fiskiskipa gilda út umsamið váttryggingartímabil. Váttryggingartakar skulu tilkynna váttryggjanda sínum í síðasta lagi mánuði fyrir lok váttryggingarinnar hyggist þeir segja váttryggingunni upp.